

FISKVERÐ Á UPPBOÐSMÖRKUÐUM – HEIMA

Table with 6 columns: Fish type, Hæsta verð, Lægsta verð, Meðalverð, Magn, Heildarverð. Lists various fish like Porskur, Ysa, Karfi, etc.

Á þriðjudag verður meðal annars selt úr Viði HF

FAXAMARKAÐUR hf. í Reykjavík

Table with 6 columns: Fish type, Hæsta verð, Lægsta verð, Meðalverð, Magn, Heildarverð. Lists fish like Porskur(ósl), Ysa, Karfi, etc.

FISKMARKAÐUR SUÐURNESJA hf.

Table with 6 columns: Fish type, Hæsta verð, Lægsta verð, Meðalverð, Magn, Heildarverð. Lists fish like Porskur, Hrogn, Ysa, etc.

FISKVERÐ Á UPPBOÐSMÖRKUÐUM – YTRA

VESTUR-PÝSKALAND 11. apríl.

Table with 6 columns: Fish type, Hæsta verð, Lægsta verð, Meðalverð, Magn, Heildarverð. Lists fish like Porskur, Ysa, Karfi, etc.

GÁMASÖLUR Í BRETLANDI 11. apríl.

Table with 3 columns: Fish type, Hæsta verð, Lægsta verð. Lists fish like Porskur, Ysa, Karfi, etc.



Morgunblaðið/Gísli Bogason

Sá stærsti síðan 1952

Risalaxinn sem veiddist í net trillunnar Nakks frá Djúpavogi á sunnudag er engin smásmíði, eins og sést glöggst á myndinni hér að ofan. Blóðgaður vóg fiskurinn, sem er hrygna, 18,420 kíló eða 37 pund og lengd hans mældist 117 sentimetrar og hann er því ívið lengri en bræðurnir á myndinni hér að ofan, þeir Guðni Baldur, 4 ára, og Jóhann, 3 ára, sem brugðu sér í frystihús Búlandstínds ásamt föður sínum, Gísla Bogasyni, til að berja skepnuna augum. Þótt margir veiðimennirnir segist hafa misst þá stóra má heita öruggt að fáir Íslendingar hafi séð jafnstóran lax eigin augum, enda hefur ekki fengist staðfest að stærri laxi hafi verið landað hérlandis síðan 1952 þegar 37,5 punda fiskur veiddist á stöng í Hvítá í Árnessýslu. Stærsti lax sem sannanlega hefur veiðst

við Ísland er Grimseyjarlaxinn svokallaði, sem veiddist í sjó árið 1937 og vóg 49 pund, 24,5 kíló, og var 132 sentimetra langur. 1946 veiddist svo annar risi í Hvítá í Árnessýslu og vóg sá 38,5 pund og er að líkindum stærsti lax sem veiðst hefur á stöng hérlandis. Einnig er vitað að 1912 og 1942 hafi veiðst risalaxar í Laxá í Þingeyjarsýslum, sem hvor vóg hátt á fjórða tug punda, að sögn Þórs Guðjónssonar fyrrum veiðimálastjóra. Þá veiddist lax við Eldey sem var um það bil 35 pund og annar áþekkur er kenndur við Gullbergið. Hins vegar sagði Þór að aldrei hefðu fengist staðfestar ýmsar ævagamlar kvik-sögur um risavaxna laxa en þeirra mestur mun hafa verið Flúðatangelaxinn úr Hvítá í Borgarfirði, sem sagður er hafa veiðst á síðustu öld og vegið 70 pund.

GENGISSKRÁNING

Table with 4 columns: Eign, Kr. Kaup, Kr. Sala, Toll-Gengi. Lists various currencies and exchange rates.

Skóðanakönnun Skáis:

Sjálfstæðisflokkurinn fengi 75,5%

Í SKÓÐANAKÖNNUN um fylgi stjórnmalaflokkanna, sem Skáis hefur gert fyrir Pressuna vegna borgarstjórnarkosninganna í vor, fengi Sjálfstæðisflokkurinn 75,5% atkvæða þeirra sem taka afstöðu og 13 borgarfulltrúa kjörna. Næst kemur Nýr vettvangur með 12,1% og tvo fulltrúa. Samkvæmt könnuninni missa Framsóknarflokkur, Kvinnalisti og Alþýðubandalag sína fulltrúa.

Úrtak könnunarinnar voru 700 manns og svöruðu 76,3%. Af þeim sögðust 45,5% kjósa Sjálfstæðisflokkinn, 7,3% Nýjan vettvang, 3% Kvinnalistiann, 2,6% Framsóknarflokkinn og 1,7% Alþýðubandalagið. 29,4% voru óákveðnir, 5,8% ætla ekki að kjósa og 4,7% svöruðu ekki. Spurt var: Ef kosid væri til borgarstjórnar Reykjavíkur núna, hvaða flokk eða framboð myndir þú kjósa? Þeir sem ekki tóku afstöðu voru

síðan spurðir: Hvort myndir þú kjósa Sjálfstæðisflokkinn, Nýjan vettvang eða einhvern hinna flokkanna? Af þeim sem voru óákveðnir svöruðu 60% og sögðust 43,2% ætla að kjósa Nýjan vettvang, 36% Sjálfstæðisflokkinn og rúmlega 29% aðra flokka. Ef tekið er tillit til þeirra sem svara síðari spurningunni fengi Sjálfstæðisflokkurinn 11 fulltrúa, Nýr vettvangur fengi þrjá og Kvinnalistiinn einn miðaða við fyrra fylgi.

Svart og sykurlaust

Kvikmyndir

Sæbjörn Valdimarsson

Bióborgin

Leikstjóri Danny DeVito. Handrit Michael Leeson. Aðalleikendur Michael Douglas, Kathleen Turner, Danny DeVito, Marianne Sägebrecht. Bandarísk. 20th Century Fox 1989.

Dökkleif myndir, svartar gamanmyndir eru harla fáséðar frá draumaverksmiðjunni Hollywood um þessar mundir, enda ekki verið „inni“ um langa hríð þó Evrópumenn gæli löngum við þessa myndgerð, meðfram öðrum. En Kaninn hefur löngum viljað skara að sínum hamingjusamlega endi og lukunnar velstandi svona yfir höfuð, svo hin vel heppnaða í blíðu og stríðu kemur skemmtilega á óvart.

Þau Douglas og Turner kynnast ung að árum, hann verðandi lögfræðingur, hún kæfugerðarkona par excellence. Hjónabandið og framapotið ganga með miklum ágætum uns, bangl, einn góðan veðurdag vill kerla karlinn út og það hið snarasta, og halda villunni og krakkagrislingunum í ofanálag. Er það mál hjónaskilnaðarlögfræðingsins DeVito að reyna hið ómögulega – að ná sáttum í mál-

inu sem endar með ósköpum, svo ekki sé meira sagt! Það leynir sér ekki að þessi þrenna, DeVito, Douglas og Turner, þekjist vel. Leikurinn er afburðagóður en enginn betri en sá sem heldur öllum endum saman, leikstjórinn og leikarinn DeVito. Annars eiga allir lof og þakkir

Feðgin í fallhættu

Bióhöllin: Cookie – „Cookie“ Leikstjóri Susan Seidelman. Aðalleikendur Peter Falk, Emely Lloyd, Diane Wiest, Brenda Vaccaro. Bandarísk. MGM 1989.

Maður beið eftir þessari með nokkurri forvitni, einum hvað varðaði gengi hinnar efnilegu, bresku leikkonu Lloyd á erlendri grund, en eins og margir muna þá sló hún eftirminnilega í gegn í bresku smámyndinni Eg vild' að þú værir hér, myndir árum. Og Lloyd svikur engann, það gera hinsvegar handritshöfundur og leikstjóri í ríku mæli.


Cookie á að segja frá endurkomu maffíósans Falks á heimaslóðir sínar í New York eftir rösk-

skildar fyrir óvenju frumlega og vel heppnaða gamanmynd í alla staði.

Hér er valinn maður í hverju rúmi enda framleiðandinn enginn annar en James L. Brooks, einn færasti maður í sinni stétt í Vestur-álfa. Það hrikir í tjaldinu á köflum undir óvenju svænum orðskiptum og líkamlegum átökum Rosehjóanna en fyrst og fremst leiftrar myndin af óvenju ópráttu skopskyni og meinhæðni.

lega áratugs setu bak við lás og slá. Hvernig hann nær sér niðri á skrattakollunum, vinum hans, sem komu honum í grjótið en þó fyrst og fremst þeim þætti sem óhemjan, dóttir hans Lloyd, á í öllu ráðabrugginu. Þá eiga endurkynni feðginanna að vera hvortveggja í senn – bráðfyndin og hjartnæm.

Þetta fer allt fyrir ofan garð og neðan hjá Seidelman, sem hefur nú margsannað að myndir hennar eru yfir höfuð lítið forvitnilegar ef undan er skilið byrjunarverkið Smithereens, sem var m.a. sýnd hér á kvikmyndahátíð á sínum tíma. Hún, ásamt lítt fyndnum handritshöfundum, gera fátt fyrir þann ágæta og skemmtilega samvalda leikhóp sem vafrar um sviðið, reynandi að gera sér mat úr fimmaurabröndurum.



Morgunblaðið/Björn Björnsson

Nemendur sýndu góðhesta og kynbótahross í nýju reiðkennslustofunni og lýsti Magnús Lárusson kostum þessara gripa fyrir áhorfendum.

Reiðkennslustofa á Hólum

Hólum í Hjaltadal. REIÐKENNSSLUSTOFA var vígð í Bændaskólanum á Hólum fyrir skömmu að viðstöddum landbúnaðarráðherra, Steingrími J. Sigfússyni og allmörgum gestum. Við athöfnina söng Karlakórinn Heimir, ávörp voru flutt og sýndir hestar, en að lokum þágu gestir veitingar í boði skólans.

Athöfnin hófst með söng Karlakórsins Heimis, en síðan flutti sr. Sigurður Guðmundsson vígslubiskup húsblessun. Þá ávarpaði Jón Bjarnason, skólastjóri, ráðherra og gesti. Reiðkennslustofan er um 1.100 fermetrar. Bygging hennar hófst haustið 1988 og var að mestu lokið í október síðastliðnum. Trésmiðjan

Borg á Saudárkróki byggði húsið. Fram kom í ræðu Jóns Bjarnasonar að heildarkostnaður við bygginguna er 14,5 milljónir. Ávarp nemenda flutti Lovísa Herborg Ragnarsdóttir. Að lokum flutti landbúnaðarráðherra ávarp og árnáði skólanum heilla með nýja húsið. - BB.